

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Kambsbraut og Stangarbraut.

Um er að ræða breytingu á gildandi deiliskipulagsskilmálum frístundabyggðar í Öndverðarnesi, sem felur í sér að eldri skilmálar eru færðir inn fyrir Kambsbraut og Stangarbraut. Leyfð hámarksstærð húsa verður allt að 250 m², eins og var í gildandi skilmálum deiliskipulags svæðisins frá árinu 2005.

Samþykkt í sveitarstjórn 21. ágúst 2019.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 20. maí 2020.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.